



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa (US220041).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. febrúar sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Tillaga Flokks fólksins að skipulags- og samgöngusvið kanni öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda sem fara fram hjá útgönguleiðum bílastæðahúsa. Vegfarendur sjá ekki að bíll er á leiðinni út, enda ekið út úr húsi.

Oft hefur legið við slysi þegar bíll kemur akandi út úr bílastæðahús/kjallara og ökumaður gætir ekki að því að á sama tíma gæti hjólandi eða gangandi vegfarandi verið að fara fram hjá.

Þarna þarf að merkja vel báðu megin frá, bæði fyrir ökumann sem er að aka út úr bílastæðahúsi, að hann sé minntur á að aka löturhægt út þar sem gangandi eða hjólandi gæti verið að fara fram hjá. Að sama skapi þarf að vera áberandi skilti á gangstétt áður en kemur að útkeyrslu bílastæðahúss þar sem náð er athygli vegfarenda að bíll gæti skyndilega ekið út úr bílastæðahúsinu.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssvið, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, bílastæðasjóðs, þann 23. febrúar sl.

Umsögn:

Tekið er undir að aðstæður við útakstur úr sumum bílahúsum mættu vera betri. Mikilvægt er að huga að sjónlínunum við hönnun nýrra bílahúsa, bílakjallara og annarra sambærilegra mannvirkja og koma þeim leiðbeiningum til fasteignauppgjenda.

Í samræmi við stefnu borgarinnar forgangsraðar sviðið aðgerðum til að reyna hámarka árangur í að fyrirbyggja alvarleg slys. Þrátt fyrir að aðstæður við útakstur úr bílahúsum séu ekki eins og best væri á kosið, hefur skrifstofan ekki metið líkur á alvarlegu slysi slíkar að ástæða sé til að fara í sérstaka úttekt eða að forgangsraða aðgerðum vegna þessara aðstæðna framar öðrum umferðaröryggisaðgerðum í borgarlandinu.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
starfandi samgöngustjóri